

Ed. 451. Frumvarp til laga [238. mál]

um breyting á lögum nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

Í stað orðanna „22%“ í 1. mgr. 4. gr. laganna komi: 16%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í sambandi við gerð nýrra kjarasamninga milli sjómanna og útgerðarmanna hafa báðir aðilar óskað þess, að ákvæðum 4. gr. laga nr. 79/1968, sem fjalla um greiðslu af afla í Stofnfjár sjóð fiskiskipa, þegar afli er seldur erlendis, verði breytt á þann veg, að greitt verði 16 af hundraði í stað 22 af hundraði af heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) aflans, enda breyting þessi skilyrði samninganna.

Í framhaldi af því lýsti ríkisstjórnin því yfir, með fyrirvara um að kjaradeilurnar leystust, að hún myndi beita sér fyrir þessari breytingu á lögnum. Er frumvarp þetta lagt fram í samræmi við þá yfirlýsingu.